



NÁTTÚRUSTOFA
VESTFJARÐA

Aðalstræti 12

415 Bolungarvík

nave@nave.is

*Fornleifarannsókn á
mannvistarlagi á Grónesi
í Reykhólahreppi*

Kristín Sylvía Ragnarsdóttir

Nóvember 2025

NV nr. 36-25

EFNISYFIRLIT

1.	GRUNNUPPLÝSINGAR	2
2.	TÆKNILEG ATRIÐI	3
2.1	Útdráttur	3
2.2	Forsaga rannsóknar	3
2.3	Stjórnsýsla og fjármögnun	4
2.4	Almennar upplýsingar um rannsóknina	4
2.5	Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi	4
2.6	Stærð og umfang uppgræftar	4
3.	FORNLEIFARANNSÓKNIN Á GRÓNESI	5
4.	GRIPIR OG SÝNI	8
5.	NIÐURSTÖÐUR	8
6.	HEIMILDASKRÁ	10
7.	KORT	11
8.	TEIKNINGAR	12
9.	SKRÁR	15
9.1	Contextaskrá	15
9.2	Ljósmyndaskrá	16
9.3	Drónamyndaskrá	16
9.4	Teikningaskrá	17

1. GRUNNUPPLÝSINGAR

Rannsóknarnúmer: 202506-0113.

ÞJMS-númer: 2025-42

Stutt lýsing rannsóknar:

Fornleifarannsókn á mannvistarlagi á Grónesi í Reykhólahreppi

Tegund rannsóknar:

Björgunarrannsókn

Staðsetning

Grónes í Reykhólahreppi

GPS hnit

Grónes, ISN93: A: 344244 ,N: 563036

Rannsóknartími: 24. júní 2025

Leyfishafi

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir

Fjöldi starfsmanna: 2: Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir & Atli Rúnarsson



2. TÆKNILEG ATRIÐI

2.1 Útdráttur

Fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða gerði björgunarrannsókn á mannvistarlagi á Skipatanga á Grónesi í Reykhólasveit. Mannvistarlagið fannst við framkvæmdir á vegi sem fyrirhugaður eru yfir Skipatanga á Grónesi. Lagið fannst við smáan klett við fjöruna sem var staðsett rétt austan við naust 1788-203 og naust 1788-204 sem voru rannsökuð sumarið 2021.

Athugull starfsmaður við vegagerð á Grónesi hafði samband við fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða varðandi mögulegs mannvistarlags sem fannst við fjarlægingu á jarðvegi. Fornleifafræðingur fór á svæðið og staðfesti að þarna væri um mannvistarlag að ræða. Haft var samband við Minjavörð Vestfjarða sem fór fram á að svæðið hreinsað, rannsakað og mælt upp.

Svæðið sem var rannsakað var um 30 m² á stærð og voru fjögur mannvistarlög skráð sem voru að öllum líkindum sama lagið. Þrjár sniðteikningar voru gerðar til að sýna þau jarðlög og mannvistarlög sem voru að finna á svæðinu. Mannvistarlögin sem fundust voru kola og skeljalög sem tengjast að öllum líkindum beitu starfsemi á svæðinu. Sama var að sjá í nausti 1788-203 þar sem mikið magn skeljaleifa (bláskel, kuðungur og hörpudiskur) fundust við uppgröftinn sumarið 2021.

2.2 Forsaga rannsóknar

Árið 2004 gerði Náttúrustofa Vestfjarða fornleifakönnun vegna ný og endurlagningar á Vestfjarðavegi 60 og í október það ár kom úr skýrslan *Fornleifaskráning í Reykhólahreppi, A-Barðastrandasýslu. Vegna ný og endurlagningar Vestfjarðarvegar nr. 60*.¹ Árið 2015 fór Minjastofnun fram á að svæðið yrði skráð aftur með þeim stöðlum og kröfum sem stofnunin setur við fornleifaskráningu í dag. Sú skráning kom fram í skýrslunni *Fornleifarannsókn vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi*.²

Árið 2020 fór Minjastofnun Íslands fram á mótvægisáðgerðir innan jarðamarka Þórisstaða, Hallsteinsness, Gróness, Hofstaða, Barms og Skálaness. Þær mótvægisáðgerðir sem farið var fram á á Grónesi var að rannsaka tvö naust (1788-203 og 1788-204) áður en þau væru fjarlægð og merkja minjar (1788-206 og 1788-207) svo þau yrðu ekki fyrir skaða við framkvæmdir. Niðurstöður mótvægisáðgerðanna kom út í skýrslunni *Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðarvegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi*.³

Á meðan að rannsókn stóð á naustunum kom í ljós með drónamyndatöku skáli í miðju vegstæði. Minjarnar fundust ekki við fornleifaskráningu árið 2015 enda voru þær illsjáanlegar með berum augum. Vegagerðin taldi ekki möguleika á tilfærslu veglínu á þessum stað og því varð að rannsaka skálann í heild sinni. Framvinduskýrslur fyrir rannsókninni á skálanum komu út í skýrslunum *Björgunarrannsókn á landnámsskála á Grónesi. Framvinduskýrsla 2021*⁴ og *Björgunarrannsókn á landnámsskála á Grónesi, Framvinduskýrsla 2022*.⁵

¹ Ragnar Edvardsson. 2004.

² Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2016.

³ Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2021.

⁴ Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022

⁵ Kristín Sylvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2023

2.3 Stjórnsýsla og fjármögnun

Að beiðni Reynis Georgssonar hjá Vegagerðinni gerði fornleifadeild Náttúrustofu Vestfjarða fornleifarannsókn á mannvistarlagi á Skipatanga á Grónesi.

Eftir samtal fornleifafræðings við Minjavörð Vestfjarða var farið fram á að svæðið yrði hreinsað, rannsakað og mælt upp.

2.4 Almennar upplýsingar um rannsóknina

Athugun fornleifafræðings á mannvistarlaginu átti sér stað 21. maí 2025 og var gerð af Margréti Hrönn Hallmundsdóttir. Við rannsóknina sjálfa störfuðu tveir fornleifafræðingar hjá Náttúrustofu Vestfjarða. Stjórnandi var Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir. Rannsóknin stóð yfir 24. júní 2025. Veður var þurrt og lítil vindur. Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir fornleifafræðingur sá um skýrslugerð og tölvuteikningar.

2.5 Uppmælingakerfi og aðferðir á vettvangi

Svæðið þar sem mannvistarlagið var staðsett var hreinsað til að sjá hvort önnur mannvist væri þar að finna, og ef eitthvað samhengi væri þar á milli. Grafa var á svæðinu til að fjarlægja haug af jarðvegi sem hafði verið komið þar fyrir rétt norðan við uppgraftarsvæðið.

Snið var tekið í jarðlög upp við klettana og í tvö mannvistarlög. Hverri einingu var lýst og skráð, myndir teknar og snið teiknað upp. Sniðin voru teiknuð í skalanum 1:10.

Engir gripir eða dýrabein fundust við rannsóknina.

Svæðið var myndað með dróna. Mannvistarlög og snið voru mæld upp með Trimble juno 5 uppmælingataeki, sem er með um 10 cm skekkju og notast var við Ísnet93 hnitakerfið.

2.6 Stærð og umfang uppgrftar

Ekki var skilgreint neitt ákveðið svæði sem átti að rannsaka og var því hreinsað svæði þar sem mannvistarlög voru sjáanleg. Svæðið sem var rannsakað og hreinsað var um 8 m á lengd og 3,7 m á breidd og því alls um 30 m² á stærð. Erfitt er að greina hversu mikill jarðvegur var færður við uppgröftinn þar sem búið var að raska svæðinu, en áætla má að um 6 m³ voru grafnir.



Mynd 1. Uppgriftarsvæðið þar sem mannvistarlagið fannst. Drónamynd: AR.

3. FORNLEIFARANNSÓKNIN Á GRÓNESI

Við fyrstu athugun fornleifafræðings á svæðinu (21. maí 2025) mátti sjá hluta mannvistarlags (106) á upprunalegum stað (*in situ*) undir grasrót alveg við klettinn og hafði hluti þess verið skafið af. Torfslitrur voru sjáanlegar á víð og dreif og hefur það líklega verið úr nausti 1788-203 þar sem sliturnar virtust ekki vera á sínum upprunalega stað. Lagið var mjög lítið og svipaði til skeljalaga (503, 505 510, 516, 520, 521) sem voru í og við naust 1788-203 sem var grafið upp árið 2021. Við athugunina var talið var að þarna hafi verið staðsetning útmoksturs úr eldstæði í nausti 1788-203 eða að þarna hafi verið staðsetning eldstæðis utandyra.



Mynd 2. Myndir teknar við fyrstu athugun fornleifafræðings á svæðinu. Til vinstri: Yfirlit yfir svæðið horft til vesturs. Miðja: mannvistarlag sjáanlegt fyrir miðju rétt undir kletti. Til hægri: Nærmynd af mannvistarlagi. Ljsm: MHH.


Rannsóknarsvæðið er staðsett í um 20 m suðvestan við naust 1788-203 og um 15 m suðvestan við naust 1788-204. Komið var á rannsóknarsvæðið (24. Júní 2025) og var hafist handa við að fylgjast með gröfunni fjarlæga jarðveg sem hafði verið safnað saman rétt norðan við uppgriftarsvæðið. Við þá vinnu komu í ljós bátsleifar sem voru staðsettar rétt norðan við klettana við rannsóknarsvæðið. Leifarnar voru hreinsaðar að hluta til og Minjavörður Vestfjarða látin vita af fundinum, og ákvarða framhaldið. Líklega var ekki um fornleifar að ræða þar sem heimamaður man eftir bátum þegar hann var yngri.



Mynd 3. Bátsleifar sem var grafinn undir haug af jarðvegi við framkvæmdir á svæðinu. Ljsm: KSR

Rannsóknarsvæðið var hreinsað til að fá betri skilning á þeim mannvistarlögum sem voru sjáanleg þar. Snið 1 var að teiknað upp við klettana til að gefa betri mynd af þeim jarðlögum sem voru að finna á svæðinu áður en þau voru fjarlægð við framkvæmdi. Efst var yfirborðslag (101) sem var þétt dökkbrúnt sendið silt með mikið af rótum, smáum steinum og möl. Lagið var um 0.25 m á þykkt og hefur legið yfir öllu svæðinu. Lag af skeljum (bláskel, kuðung og hörpudisk) (105) var staðsett beint undir yfirborði norðvestan megin í sniðinu. Þar undir var malarkenndur jarðvegur (102) sem var 0.24 cm þykkur blandaður brúnn jarðvegur, sjávarmöl og sandur sem innihélt mikið af rótum og smá kolasmít. Undir því var brúnt einsleitt sendið og siltað lag (103) sem innihélt malarkenndar linsur á víð og dreif. Lagið var 0.13 m á þykkt og var mögulega einhverskonar gamalt yfirborð yfir náttúrulegu bergi og náttúrulegum jarðvegi. Neðst var svo náttúruleg möl (104) sem var sjáanlegt yfir öllu uppgriftarsvæðinu undir


mannvistarlögunum. Náttúrulegi jarðvegurinn var rauðbrún þétt möl sem molnaði auðveldlega og innihélt smáa steina.



Mynd 4. Snið og sniðteikning á Sniði 1 sem snýr í norðaustur. Ljsm. og teikning: KSR

Á víð og dreif um svæðið voru skellur af kola og skeljalögum. Líklega hafa þessar skellur verið samfelld lag sem lá yfir öllu svæðinu og hafði raskast við framkvæmdir á svæðinu. Þessum skeljalögum voru gefin sittthvor númer þar sem engin tenging var á milli þeirra. Þó er þarna talið að þetta sé allt sama lagið eða sami fasi.


Fyrir miðju uppgriftarsvæðis var skella af kolum og skeljum (106) sem lá ofan á náttúrulegum jarðvegi (104). Lagið var á upprunalegum stað (*in situ*) og hefur líklega legið yfir öllu svæðinu þar sem þetta er líklega sama lag og skeljalag (105), (107) og (108). Snið 2 var tekið í lagið til að kanna hvort þar væri um holu eða eldstæði að ræða. Við uppgröftinn kom í ljós að þarna væri einungis skella þar sem enginn skurður (*cut*) var sjáanlegur.



Mynd 5. Snið og sniðteikning á Sniði 2 sem snýr í norðaustur. Ljsm. og teikning: KSR.

Rétt suðaustan við lag (106) var kola og skeljalag (107) sem lá beint undir yfirborðslagi (101). Tekinn var skurður í lagið til þess að teikna upp sniðið (Snið 3) og sjá lagskiptingu. Efst var hluti af yfirborðslagi (104) sem var um 0.11 m þykkt. Þar beint undir var 0.06 m þykkt kola og skeljalag (107). Lagið var svört silt og kol sem innihélt mikið af skeljum (bláskel, kuðung og

hörpudisk). Undir því var malarlag **(102)** sem var 0.05 m á þykkt og þar undir var sendið og siltað lag **(103)** sem var 0.02 cm þykkt. Neðst var svo náttúruleg mög **(104)**.



Mynd 6. Snið og sniðteikning á Sniði 3 sem snýr í norðaustur. Ljsm. og teikning: KSR.

Norðvestan við kola og skeljalag **(106)** og rétt við leifar af bát var kola og skeljalag **(108)**. Lagið var svört silt og kol sem innihélt mikið af skeljum (bláskel, kuðung og hörpudisk) og var beint undir yfirborðslagi **(104)** og ofan á náttúrulegu bergi.



Mynd 7. Kola og skeljalag **(108)** á upprunalegum stað. Ljsm: KSR

4. GRIPIR OG SÝNI

Engir gripir fundust og engin sýni voru tekin.

5. NIÐURSTÖÐUR

Mynd 8 var tekin árið 2021 og sýnir staðsetningu uppgraftarsvæðisins þar sem þar sem mannvistarlagið fannst undir klettinum. Þar er hægt að sjá leifar báts til hægri við klettana sem kom í ljós þegar hrúga af jarðvegi var fjarlægð. Samkvæmt heimamanni er báturinn ekki gamall og man hann eftir bátnum í barnæsku.



Mynd 8. Uppgraftarsvæðið eins og það leit út sumarið 2021. Þar er að sjá leifar báts vinstra megin við klettana á Skipatanga. Ljsm: KSR.

Mannvistarlögin sem innihéldu skeljar og kol (**105, 106, 107 og 108**) við klettana á Skipatanga voru líklegast öll sama lagið sem hafði raskast við framkvæmdir á svæðinu. Þó er ekki hægt að fullyrða það þó svo lögin höfðu sömu uppbyggingu og voru nálægt hvor öðru. Sömu lög voru að finna innan í og utan við naust 1788-203. Túlkun laganna frá árinu 2021 var að naustið hafi verið notað sem skjól þar sem skelfiski hafi verið safnað saman og notað til beitu. Mögulega hefur eldstæðið sem fannst í naustinu verið notað til að opna skelfiskinn auðveldlega.

Líklega hefur skjólgott svæði upp við klettinn einnig verið notað til beitingar eða að þar hafi verið staðsetning útmoksturs út naustinu þar sem skeljunum hefur verið fleygt niður við fjöruna. Þar sem svæðið er nálægt sjó er líklegt að sjávargangur hefur dreift skeljaúrganginum yfir svæðið.

Engar leifar af eldstæði eða bruna var sjáanlegt á svæðinu, en það getur hafa verið fjarlægð við framkvæmdir eða að það sé staðsett á öðrum stað. Utan við naustin (1788-203 og 1788-204) voru að finna nokkur kolalög sem gefa til kynna einhverskonar starfsemi tengt bruna.



Mynd 9. Snið við suður enda uppgraftarsvæðis á nausti 17-88-203. Efst var yfirborðslag [500], svo kolasmítað lag [509], næst malarlag [524], svo kolaríkt lag [525], þar á eftir malarkenndur jarðvegur [523], svo næst kolaríkt lag [526] og neðst var náttúrulegt

Líklegast eru um sömu lög að ræða og voru grafin sumarið 2021. Þar má nefna að yfirborðslag og náttúrlegur jarðvegur sé það sama. Mögulega er lag **(102)** það sama og lag **(517)** úr nausti 1788-203 þar sem þetta er líklega vindborið eða uppsafnað efni sem hefur safnast saman. Lagið var þétt en molnaði auðveldlega. Lag **(103)** er líklega það sama og lag **(523)** úr nausti 1788-203 en hafði ekkert kolasmít sjáanlegt. Líklega hefur þetta verið að hluta til gamalt yfirborð þar sem lagið er siltað og torfkennt. Skýrir það kolalinsu **(526)** sem var þar í. Fannst sunnan til í naustinu.



Mynd 10. Flatarteikning lagt yfir drónamynd sem sýnir staðsetningu kola og skeljalaga (106), (107) og (108).

6. HEIMILDASKRÁ

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2021. *Fornleifarannsóknir innan áhrifasvæði nýs Vestfjarðarvegar (60) frá Bjarkalundi að Skálanesi í Reykhólahreppi*. NV nr. 22-21.

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2022. *Björgunarrannsókn á skálanum á Grónesi. Framvinduskýrsla 2021*. NV nr. 12-22.

Kristín Sýlvía Ragnarsdóttir og Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2023. *Björgunarrannsókn á skálanum á Grónesi. Framvinduskýrsla 2022*. NV nr. 10-23.


Margrét Hrönn Hallmundsdóttir. 2016. *Fornleifarannsókn vegna veglagningar frá Bjarkalundi að Skálanesi*. Náttúrustofa Vestfjarða. NV nr. 09-16.

Ragnar Edvardsson. 2004. *Fornleifaskráning í Reykhólahreppi, A-Barðastrandasýslu*. NV nr. 17-04.

7. KORT




8. TEIKNINGAR






Snið 1



Snið 2



Snið 3



9. SKRÁR

9.1 Contextaskrá

Context	Gerð	Dagsetning	Nafn	Lýsing
101	Yfirborðslag	24.06.2025	KSR	Yfirborðslag. Þéttur dökkbrúnt sendið silt með mikið af rótum, smáum steinum og mól..
102	Sjávarmöl og sandur	24.06.2025	KSR	Malarkenndur jarðvegur undir yfirborðslagi. Brúnt með miklum rótum og smá kolasmíti. Virðist vera blandað sjávarmöl og sandur.
103	Blandað lag	24.06.2025	KSR	Brúnt einsleitt sendið og siltað lag, malarkenndar linsur á víð og dreif. Mögulega einhverskonar gamalt yfirborð yfir náttúrulegu bergi og náttúrulegum jarðvegi [104].
104	Náttúrulegur	24.06.2025	KSR	Náttúruleg mól. Þétt mól en molnar auðveldlega. Rauðbrún mól með smáum steinum.
105	Kol og skeljar	24.06.2025	KSR	Lag af skeljum (bláskel, kuðung og hörpudisk) sem var á víð og dreif yfir allt svæðið. Lagið var siltað svart og innihélt mikið af skeljum og kolaflögum. Líklega sama og lag [516] frá uppgreftri árið 2021 þar sem sama skeljalag var að sjá austan og vestan við veggnausts 1788-203. Skeljalag komið eftir að hætt var að nota bygginguna sem naust. Lagið var in situ en hefur líklega legið yfir öllu svæðinu þar sem þetta er líklega sama lag og skeljalag [106] og [107].
106	Kol og skeljar	24.06.2025	KSR	Lag af skeljum (bláskel, kuðung og hörpudisk) sem var á víð og dreif yfir allt svæðið. Lagið var siltað svart og innihélt mikið af skeljum og kolaflögum. Lagið var in situ en hefur líklega legið yfir öllu svæðinu þar sem þetta er líklega sama lag og skeljalag [105] og [107].
107	Kol og skeljar	24.06.2025	KSR	Lag af skeljum (bláskel, kuðung og hörpudisk) sem var á víð og dreif yfir allt svæðið. Lagið var siltað svart og innihélt mikið af skeljum og kolaflögum. Lagið var beint undir yfirborðslagi (101). Lagið var in situ en hefur líklega legið yfir öllu svæðinu þar sem þetta er líklega sama lag og skeljalag [105] og [106].
108	Kol og skeljar	24.06.2025	KSR	Lag af skeljum (bláskel, kuðung og hörpudisk) sem var á víð og dreif yfir allt svæðið. Lagið var siltað svart og innihélt mikið af skeljum og kolaflögum. Lagið var in situ en hefur líklega legið yfir öllu svæðinu þar sem þetta er líklega sama lag og skeljalag [105] og [106].

9.2 Ljósmyndaskrá

Nr	Mynda nr.	Átt	Nafn	Dagsetning	Lýsing
1	100-5832	SV	KSR	24.06.2025	Yfirlit af uppgriftarsvæði fyrir uppgröft
2	100-5833	NA	KSR	24.06.2025	Yfirlit af uppgriftarsvæði fyrir uppgröft
3	100-5834	SA	KSR	24.06.2025	Yfirlit af uppgriftarsvæði fyrir uppgröft
4	100-5835	SV	KSR	24.06.2025	Mannvistarlag. Skella af skeljum og kolum (106) fyrir uppgröft
5	100-5836	SV	KSR	24.06.2025	Mannvistarlag. Skella af skeljum og kolum (106) fyrir uppgröft
6	100-5837	SA	KSR	24.06.2025	Mannvistarlag. Skella af skeljum og kolum (107) fyrir uppgröft
7	100-5838	SV	KSR	24.06.2025	Mannvistarlag. Skella af skeljum og kolum (107) fyrir uppgröft
8	100-5839	SV	KSR	24.06.2025	Mannvistarlag. Skella af skeljum og kolum (107) fyrir uppgröft
9	100-5840	SV	KSR	24.06.2025	Mannvistarlag. Skella af skeljum og kolum (105) fyrir uppgröft
10	100-5841	SV	KSR	24.06.2025	Mannvistarlag. Skella af skeljum og kolum (105) og (106) fyrir uppgröft
11	100-5842	SV	KSR	24.06.2025	Mid-ex af skellu (106). Snið 2.
12	100-5843	SV	KSR	24.06.2025	Mid-ex af skellu (106). Snið 2.
13	100-5844	SV	KSR	24.06.2025	Mid-ex af skellu (106). Snið 2.
14	100-5845	SV	KSR	24.06.2025	Mid-ex af skellu (106). Snið 2.
15	100-5846	S	KSR	24.06.2025	Mid-ex af skellu (106). Snið 2.
16	100-5847	SV	KSR	24.06.2025	Snið 1 hreinsað.
17	100-5848	SV	KSR	24.06.2025	Snið 1 hreinsað.
18	100-5849	SA	KSR	24.06.2025	Snið 3 hreinsað.
19	100-5850	NV	KSR	24.06.2025	Skurður í gegnum lag (107)
20	100-5851	SV	KSR	24.06.2025	Snið 1 hreinsað.
21	100-5852	SV	KSR	24.06.2025	Snið 1 hreinsað.
22	100-5853	SV	KSR	24.06.2025	Snið 1 hreinsað.
23	100-5854	NV	KSR	24.06.2025	Leifar af gömlum niðurbrotnum báti.
24	100-5855	V	KSR	24.06.2025	Leifar af gömlum niðurbrotnum báti.
25	100-5856	SV	KSR	24.06.2025	Leifar af gömlum niðurbrotnum báti.
26	100-5857	SV	KSR	24.06.2025	Skelja og kolalag (108)
27	100-5858	S	KSR	24.06.2025	Yfirlit af svæði eftir uppgröft
28	100-5859	NV	KSR	24.06.2025	Yfirlit af svæði eftir uppgröft

9.3 Drónamyndaskrá

Nr.	Mynda nr.	Nafn	Dagsetning	Lýsing
1	1751376138119	AR	24.06.2025	Yfirlit af svæði fyrir uppgröft.
2	1751376138120	AR	24.06.2025	Yfirlit af svæði eftir hreinsun.
3	1751376140126	AR	24.06.2025	Yfirlit af svæði eftir hreinsun.
4	1751376143926	AR	24.06.2025	Yfirlit af svæði eftir hreinsun.
5	1751376146320	AR	24.06.2025	Yfirlit af svæði eftir hreinsun.
6	1751376147522	AR	24.06.2025	Yfirlit af svæði eftir hreinsun.

9.4 Teikningaskrá

Teikning nr.	Skali	Gerð	Dags.	Nafn	Lýsing
1	1:10	Snið	24.06.2025	KSR	A: Snið 1 sem snýr í norðaustur . B: Snið 2 sem snýr norðaustur . C: Snið 3 sem snýr í norðvestur.